

Þar var ekkert skraut; allur húsbúnaður var óbrotinn og viðhafnarlaus. Konungur ætlaði þegar á braut aftur, en þá kom einn fylgdarmanna hans auga á járnhurð eina litla með styrkum lásum fyrir. Hann skundaði þegar til konungs, og benti honum á dyr þessar, og varð heldur svipgláður við. Nushirvan bauð Ali að opna dyr þessar. Ali varð fár við, en við það styrktust fylgdarmenn konungs í þeirri ætlun, að þar myndi mikið fé geymt inni. Dyrinum var lokið upp, konungur gekk inn, og hinir aðrir þustu allir inn á hæla honum. Í herbergi þessu voru engir peningar fundnir; þar var alls ekkert fé mætt inni, en á einum veggnum hékk smalbúnaður og hattur, smalapípa og smalataska úr skinni. Ali gekk þá fyrir konung og mælti svo: „Þá er þú, herra, fyrir þrjátíu árum, lést mig verða náðar þinnar aðnjótandi og tókst mig að þér, var þessi hinn lélegi búnaður aleiga mín. Þá er þú gerðir mig gjaldkera þinn, lét eg smíða herbergi þetta, og réð til fasta með mér, að virða oft fyrir mér þennan hian fyrsta búnað minn, til að geyma hjarta míns fyrir dramblæti, og til þess að gleyma aldrei trúmensku þeirri og hollustu, sem eg er um skyldur konungi mínum og velgerðamanni; og þetta heit mitt hef eg efiat. Leyf mér nú, herra, að hverfa aftur til fjalla þeirra, er þú tókst mig frá, þótt svo sé, að eg megi ekkert með mér hafa, nema búnað þennan, er einu sinni var aleiga mín.“ Allir þögðu, sem stokkar eða steinar. Nushirvan varð þá litið til rógberanna. Þeir stóðu sneypfir mjög og niðurlútir. Konungur tók þá gullkeðju af hálsi sér; var þar við fest mynd konungs í gullungjörð, settri dýrmætum gimsteinum. „Þigg þú þetta“—mælti hann við Ali; „og sé það vottur þakklætis hjarta míns fyrir trúmensku þína og hollustu. Eg vildi æskja þess, að mér gæfist oft færi á, að gefa slíkar gjafir fyrir líkan hugsunarhátt og líka mannkosti.“

Sögur um dýr.

Eftir handriti H. Kr. Fr.

IV.

Maður er nefndur *Segonsak*, í Parísarborg á Frakklandi; hann var af göfugum ættum, og embættismaður þar í borginni. Hann hélt vagnmann mjög drykkfeldan. Vagnmaður þessi átti hund, er gat mæta-vel séð, hversu á stóð húsbónda sínum. Hundurinn sat ávalt í vagnsætinu á milli fóta húsbónda síns; þegar hann sá, að vagnmaðurinn var drukkinn, gó hann ávalt, og linti aldrei alla ferðina, sem hann vildi vara þá, er fram hjá